

Ræða rektors BH á útskrift, laugardaginn 1. júní 2013 10.34

Kæru útskriftarnemar, starfsfólk Háskólans á Bifröst og aðrir gestir!

Það má segja að sumarið hafi komið seint þetta árið og þótt nú sé komið fram í júnímánuð, þá er eiginlega öllu nær að tala um að vor sé í lofti, fremur en sumar.

Vorið er reyndar góður tími, það er árstími vonarinnar og fagurra fyrirheita og ég vona svo sannarlega að þið kæru útskriftarnemar upplifið þá tilfinningu í brjóstum ykkar – að framundan séu spennandi tækifæri að liðnum þeim áfanga sem þið hafið nú lokið á Bifröst, hvort sem það er í áframhaldandi námi eða í starfi.

Og ég vona líka að árin sem þið hafið verið hér á Bifröst hafi verið til að **styrkja ykkur og efla sem einstaklinga**, ekki síður en til að auka þekkingarstig ykkar. Menntastofnanir eiga nefnilega að vera vettvangur til að byggja einstaklinga upp, til að gera þá að virkari þjóðfélagsþegnum.

En er það svo í okkar ágæta samfélagi í dag? Því miður er ymislegt sem bendir til þess að margir líti ekki á skólagöngu sem leið til uppbyggingar, heldur þvert á móti sé hún í hugum fjölmargra **eyðimerkurganga** sem oft lýkur með því að ungmenni flýja út á vinnumarkaðinn áður en framhaldsskólastigi er lokið, mun fyrr en við hefðum viljað.

Vinnumarkað sem hefur ekki endilega þörf fyrir allt þetta lítt menntaða fólk – og því verður það auðveldlega atvinnuleysi að bráð.

Í skýrslu starfshóps um samþættingu mennta- og atvinnumála sem skilað var til forsætisráðherra í lok árs 2012, segir að **færa þurfi íslenskt menntakerfi í átt að nútímanum og aðlaga það þörfum atvinnulífsins.**

Í skýrslunni er að finna margháttaða gagnrýni á núverandi fyrirkomulag menntamála og m.a. bent á að of margir stundi ekki nám við sitt hæfi. Íslenskt skólakerfi er sagt einkennast af of mikilli áherslu á bóknám en minni áhersla sé lögð á verklegt nám. Þá sé lítil áhersla á að virkja nemendur til fjölbreytilegra viðfangsefna og að hagnýta tölvutækni og nýja miðla við kennsluna.

Þá er vakin athygli á því að lítil áhersla hafi verið lögð á að greina með hvaða hætti megi nýta styrkleika og áhugasvið nemenda til að vísa þeim inn á brautir sem kynda undir áhuga þeirra á náminu. Og án áhugans er erfitt að halda fólki við efnið, eða beina því í uppbyggilegan farveg.

Og svo virðist sem allt of mörgum líði ekki vel í námi, en um 30% stráka segist leiðast námið í framhaldsskóla, 15% stúlkna.

Og vandinn á ekki upphaf sitt í framhaldsskólunum, heldur byrjar hann fyrr í kerfinu og má þar sem dæmi nefna að samkvæmt rannsóknum þá getur **4. hver drengur** í 10 bekk hér á landi ekki lesið sér til gagns.

Hlutfallið er mun lægra eða um 9% hjá stúlkum sem bendir til þess að við kynbundinn vanda sé að etja strax á grunnskólastigi. Erum við virkilega sátt við þann árangur í skólakerfi okkar?

Kannski tekst okkur best til á leikskólastiginu að miða námið að þörfum barnanna okkar, að minnsta kosti hefur umræða ekki verið hávær um það skólastig.

Og svo er það námsval þeirra sem klára námið. Staðreyndin er sú að á meðan vinnumarkaðurinn kallar eftir aukinni menntun á tilteknum sviðum, s.s. í iðngreinum og verk- og tæknigreinum þá streyma nemendur inn í bóknámsskólana og þaðan í háskóla – og ekki endilega á þau svið sem þörfin og atvinnulífið kallar eftir.

Og það virðist lenska að líta svo á að iðnnám sé helst fyrir þá sem ekki ráða við bóknám, einhvers konar annars flokks nám.

Kannanir hafa þó bent til þess að þeir sem velja starfstengt nám og iðnnám á framhaldsskólastiginu, telja sig almennt séð með betri grunn til að takast á við verk- og tækninám á háskólastigi, en þeir sem luku hefðbundnu stúdentsprófi. En eigi að síður velja nemendur hina hefðbundnu bóknámsleið í langflestum tilvikum.

Þetta er vandi sem við verðum að horfast í augu við en þrátt fyrir að hann hafi borið á góma annað slagið í gegnum tíðina þá hefur lítið miðað í þá átt að snúa við þessari þróun.

Og lítum á fleiri dæmi úr íslenskum veruleika:

Á norrænum vinnumarkaði er **atvinnuleysi ungs fólks vaxandi** vandamál, en hér á landi þurfum við etv að hafa meiri áhyggjur af þessu vandamáli en nágrannar okkar á Norðurlöndum, þar sem **hlutfall nemanda sem ljúka námi á framhaldsskólastigi innan fimm ára** er hvergi lægra á norðurlöndunum en hér.

Hér á landi er þetta hlutfall einungis um 58% , sem er með því lægsta í OECD samanburði og á meðan það er um og í kringum 80% á hinum Norðurlöndunum. Sem þýðir að 42% nema hér en 20% á norðurlöndum ljúka ekki námi innan fimm ára.

Þetta hefur í för með sér óvenju hátt hlutfalls fólks sem hefur ekki lokið framhaldsskólaprófi en er á vinnumarkaði hér á landi, hlutfallið er um 30% hér á móti um 10% á Norðurlöndum.

Og af hverju skyldi þetta vera áhyggjuefni fyrir okkur Íslendinga? Jú, því við vitum að þessi hópur, brottfallshópurinn, er í sérstakri hættu á að verða atvinnuleysi að bráð, og nú þegar sést þess stað í hópi atvinnulausra en um 50% atvinnulausra hér á landi hafa einungis lokið grunnskólaprófi.

Þess vegna hefur á síðustu árum verið varið í það töluverðum fjármunum í gegnum samstarf stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins að ná til þessa fólks og beina því inn á menntavegininn í gegnum átaksverkefni á borð við Nám er vinnandi vegur og þó nokkur árangur hefur náðst af þeim aðgerðum.

Er það vel - en það væri þó enn betra ef við réðumst að rót vandans, sem er hátt brottfall úr framhaldsskólum.

Hvað veldur því að svo margir nemendur hér á landi vilja ekki vera í framhaldsskólum og hvað veldur því að þeir sem vilja vera þar velja í langflestum tilvikum bóknámsleiðina þótt hún sé langt í frá ávísun á betri störf að námi loknu? Er það skólanna vegna, gildanna í samfélaginu eða einhvers annars?

Lóa Pind Aldísardóttir fréttakona á Stöð 2 hefur nýverið tekið þessa umræðu upp í þáttaröð sem hún kallar Tossana og hefur einn þáttur þegar verið sýndur.

Nafnið eitt vakti strax hörð viðbrögð úti í samfélaginu, en með því að nota þetta sem mörgum þykir niðrandi heiti um þá sem falla út úr námi, var athygli okkar allra vakin á því hversu mikið **samfélagsmein** er hér um að ræða og hversu **skemmandi** það er fyrir þá einstaklinga sem í hlut eiga.

Við vitum að í brottfallshópnum eru alls kyns nemendur og líka afburðagreindir einstaklingar þrátt fyrir að þeir hafi ekki verið metnir að verðleikum sem slíkir inni í skólakerfinu.

Við vitum líka að drengir eru þar fleiri en stúlkur, og á háskólstiginu er sama þróun þar sem konur eru í miklu meirihluta nemenda í dag.

Brottfallið er alvarleg viðvarandi staða og hún er háalvarleg í þjóðfélagslegu samhengi og það er ein helsta áskorun menntamálayfirvalda hér á landi að greina þann vanda og leita svara við honum.

Á málstofu sem Háskólinn á Bifröst stóð fyrir nýlega hélt Hrund Gunnsteinsdóttir einstaklega áhugavert erindi og kom meðal annars inn á menntastofnanir og hlutverk þeirra. Hún fjallaði um **menntun til sjálfbærni** og þau alþjóðlegu viðfangsefni sem við stjórnámálamönnum og menntastofnunum blasa eigi að takast að snúa við þeirri óheillaþróun sem við horfum fram á í loftslagsmálum.

Og hún fjallaði líka um unga fólkið sem finnur sig ekki í skólunum og kallaði eftir því að menntastofnanir taki erindi einstaklingsins alvarlega, að í reynd væri það eitt mikilvægasta hlutverk slíkra stofnana að **aðstoða fólk við að finna köllun sína** og fylgja henni eftir. En þar virðist sem skólakerfið hafi brugðist mörgum.

Ég veit að í skólakerfinu öllu er víða unnið göfugt og gott starf, en brottfallstölurnar segja okkur staðreyndir sem við getum ekki litið framhjá.

Þar þurfa bæði **skólastjórnendur á öllum skólastigum og stjórnvöld að líta í eigin barm** og taka sig saman um að snúa við óheillapróuninni. Ég efa ekki að til þess er vilji en ef til vill eru skólastjórnendur um of **njörvaðir niður í regluverk sem er því miður sjaldnast til þess fallið að ýta undir frumkvæði og hugmyndaauði.**

Skólastjóri Verkmenntaskólans á Akureyri ræddi það í áðurnefndum þætti hversu erfitt það væri fyrir starfsfólk skólanna að horfa upp á nemendur sem liði illa en ná ekki til þeirra.

Hann velti því fyrir sér hvort **miðstýring** væri of mikil í kerfinu og hvers vegna allir þyrftu að læra dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði en ekki eitthvað annað? Það má spyrja af hverju einkunnir í þeim fögum séu helsti mælikvarði á það hvort fólk komist inn í þann framhaldsskóla sem það vill?

Er það einhver staðall yfir þekkingu sem þú þarft að hafa til að geta orðið nýtur þjóðfélagsþegn eða góður framhaldsskólanemi?

Það er **eitthvað að í skólakerfinu**, spurning er bara hvað það er og hvernig er rétt að bregðast við því. Ef til vill þarf að auka sérhæfingu og frelsi skólanna til að kenna óhefðbundnar greinar og með óhefðbundnum aðferðum.

Ég hef nokkra reynslu af því að meta fólk inn í nám hér við Háskólann á Bifröst frá þeim tíma sem ég var deildarforseti lagadeildarinnar og ég lærði það fljótt að þótt einkunnir á stúdentsprófi væru einn og mikilvægur mælikvarði á getu einstaklinga, þá voru aðrir þættir sem vógu síst minna.

Virgni í félagslífi, íþróttaiðkun, tónlistarnám, reynsla á vinnumarkaði – þetta eru allt þættir sem koma upp í hugann og voru oftast en ekki mikilvægur liður í því að móta það sem maður kallar góðan nemanda. Og til þessara þátta er meðal annars litið við inntöku í skólann.

Háskólinn á Bifröst hefur orðið þess aðnjótandi að fá marga af svokölluðum brottfallsnemendum úr framhaldsskólum í nám í gegnum aðfararnámið, sem nú heitir **Háskólagátt**.

Ég hef oft sagt að úr þeim hópi hafa margir af okkar bestu háskólanemum komið. Reynslan sem þessir nemendur búa yfir frá vinnumarkaðspáttöku gerir ekki aðeins þá sjálfa að góðum nemendum, heldur miðla þeir af henni til annarra nemenda. Og það er sorglegt hversu lágt sjálfsmat margra úr þessum hópi er þegar þeir koma inn í nám, vegna upplifunar sinnar af skólakerfinu meðal annars.

En hvað er til ráða? Ég er þess fullviss að meiri fjölbreytni í skólakerfinu myndi hjálpa. Á Íslandi hefur **Lýðháskólaformið** t.d. ekki skotið rótum, en á Norðurlöndum er Lýðháskóli ein leið fyrir ungmenni sem ekki hafa áttað sig á því hvaða braut þau vilja feta í lífinu.

Lýðháskólar eru nokkurs konar lífsleikniskólar og þar er ekki lögð áhersla á próf heldur fremur á þátttöku nemenda og virkni á sviðum sem þeir kunna að meta sjálfir.

Fjöldi námsbrauta er í boði í lýðháskólum á norðurlöndunum og má nefna sem dæmi íþróttagreinar, ýmsar listgreinar, s.s. tónlist, myndlist og leiklist ásamt ljósmyndun og hönnun.

Ég kann ekki skýringu á því hvers vegna lýðháskólar hafa ekki fest sig í sessi hér á landi en þeir væru svo sannarlega góð viðbót í flórana hér. Reyndar var forveri Háskólans á Bifröst, Samvinnuskólinn m.a. sniðinn að fyrirmynd norrænna lýðháskóla og má segja að sú arfleifð fylgi okkur enn, í þeirri miklu áherslu sem hér er lögð á að efla þá einstaklinga sem hingað koma til virkrar þjóðfélagsþátttöku, samhliða því að bæta þekkingu þeirra á viðkomandi fræðasviði.

En það er fróðlegt að vita hvernig stendur á því að við Íslendingar sem höfum alla jafna metnað til að vera „best í heimi“ í öllum sköpuðum hlutum, sættum okkur við að sitja á botninum þegar kemur að skilvirkni skólakerfins?

Ef allt væri með felldu væri samfélagið á hvolfi yfir þessari skelfilegu tölfræði sem blasir við okkur en því miður þá hefur þetta viðfangsefni ekki verið ofarlega á lista í opinberru umræðu.

þarf ekki annað en að hugsa til nýliðinnar kosningabaráttu, þar sem skuldamál heimilanna voru efst á baugi hjá almenningi, en menntamál voru því miður ekki ofarlega í umræðunni. Stöð 2 á þakkir skildar fyrir að taka þetta viðkvæma en þarfa umfjöllunarefni um brottfallið í skólakerfinu til umræðu.

Ég hef oft áður gert **fjármögnun háskólastigsins** að umfjöllunarefni á þessum vettvangi og ætla ekki að endurtaka þá brýningu hér að öðru leyti en því að um leið og ég óska nýjum menntamálaráðherra velfarnaðar í starfi, vil ég hvetja hann til að huga að þeim málum.

Háskólakerfið verður ekki rekið mikið lengur á framlögum langt undir OECD meðaltali, án þess að það hafi rýrnun gæða í för með sér.

En hvert er í reynd **hlutverk skólanna** í þjóðfélaginu? Að mínu mati á skólagangan að byggja fólk upp, að kenna því að þekkja styrkleika sína og átta sig á því hvernig það getur nýtt þá til að verða góðir þjóðfélagsþegnar.

Eða eins og Hrund Gunnsteinsdóttir orðaði það – að **hjálpa fólki að finna köllun sína** og fylgja henni eftir. Ég efa ekki að margir skólastjórnendur leitast við að gera einmitt þetta. Við hér á Bifröst höfum lagt mikið upp úr þessu í náminu, að efla sjálfstraust nemenda, fá þá til að rétta úr sér og kynnast styrkleikum sínum.

Það gerum við með ýmsum aðferðum, s.s. með því að treysta þeim til að velja sér umfangsmikil verkefni til að vinna og kynna þau sjálf og verja fyrir framan hópi nemenda og kennara, með því að leggja áherslu á þjálfun í framsögu og tjáningu svo eitthvað sé nefnt.

En við höfum líka lagt áherslu á að **byggja námið upp með óhefðbundnum hætti**, þar sem áhersla er á verkefni, helst raunveruleg verkefni í samstarfi við atvinnulífið, sem og kennslu í litlum hópum.

En **slíkir kennsluhættir eru dýrir og fyrir þá fáum við ekki sérstaka fjárveitingu.**

Hvatningin er með öðrum orðum engin til þess að bjóða upp á slíka þjónustu, heldur er í reynd mun einfaldara og fjárhagslega arðbærara að fjöldakenna fullum sal í hefðbundnu fyrirlestrarformi.

Sem er óheppilegt og **hvetur til einsleitni og metnaðarleysis**. Það er löngu orðið tímabært fyrir menntamálayfirvöld að gera **langtímaáætlun fyrir háskólastigið sem m.a. tekur á því með hvaða hætti megi tryggja gæði og fjölbreytni í háskólastiginu til frambúðar.**

Látlaus niðurskurður og steingeld umræða um sameiningu sameiningarinnar vegna er til þess fallin að sníða alla í sama mótið en ekki til að glæða innihaldið lífi. **Horfum frekar til þess sem skólarnir eru að gera (á öllum skólastigum) og leitum leiða til að auka fjölbreytnina**, þannig að allir finni nám við sitt hæfi í okkar ágæta landi.

Ágætu hátíðargestir,

Nú er komið að lokum hjá mér í starfi rektors Háskólans á Bifröst og sá hópur sem útskrifast hér í dag sá síðasti sem ég útskrifa. Sá tími sem ég hef stýrt skólanum hefur um margt verið erfiður en einnig skemmtilegur.

Við höfum unnið að mikilvægum skipulagsbreytingum, mótað nýja stefnu um menntun til sjálfbærni, farið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu og eftt gæðastarf svo eitthvað sé nefnt af þeim fjölmörgu viðfangsefnum sem við stjórnendum og starfsfólki skólans hafa blasað.

Samstarf við nemendur hefur verið gott og saman hafa nemendur, starfsfólk, stjórn skólans og hollvinir hans staðið vörð um heiður hans og styrkingu.

Ég vil fyrir mína parta þakka ykkur öllum sem hafið lagt ykkar lóð á vogarskálarnar þessi síðustu ár til að styrkja Háskólann á Bifröst og efla. Það hefur gastað um skólann, fjárhagurinn hefur verið þröngur á köflum og allir þurft að leggja meira á sig til að láta enda ná saman. En okkur hefur miðað fram á veginn og þá getum við vonandi verið sátt.

Ég mun áfram starfa í hlutastarfi við skólann í kennslu og því leggja mitt af mörkum til hans þótt í öðru hlutverki sé, en ég vil um leið og ég kveð óska verðandi rektor Vilhjálmi Egilssyni alls hins besta í störfum sínum en hann mun taka við keflinu af mér í lok þessa mánaðar. Skólinn fékk þar öflugan mann í brúnna, svo notað sé sjómannamál í tilefni sjómannadagsins á morgun.

Kæru útskriftarnemar,

Ég óska ykkur gæfu og gengis í lífi og starfi og ítreka hamingjuóskir til ykkar allra.

Gleðilega hátíð.